

---

## 68. Orri Páll Jóhannsson (Replik)

Ég vil byrja á því að þakka forsetanum fyrir góða ræðu. Mig langar líka að spyrja hann um samskipti við Rússland. Einhvern tímann lýkur þessu hræðilega árásarstríði rússneskra stjórnvalda í Úkraínu en eðli málsins samkvæmt hefur dregið verulega úr samskiptum við stjórnvöld meðan á þessu hefur staðið. Mig langar að spyrja forsetann, í ljósi þess hvernig rússnesk stjórnvöld hafa gengið fram: Hvernig er best að halda talsambandi við mannréttindasamtök, önnur almannaeiðissamtök og stjórnarandstæðinga, bæði á meðan þessu hræðilega stríði stendur, sem við vonum auðvitað öll að ljúki sem fyrst, en jafnframt eftir að það klárast?

### Skandinavisk oversettelse

Jag vill börja med att tacka presidenten för ett utmärkt tal. Jag skulle också vilja fråga honom om relationerna med Ryssland. Någon gång kommer den ryska regimens avskyvärda anfallskrig i Ukraina att ta slut, men som sig bör har vi minskat våra kontakter med den ryska regeringen avsevärt under denna period. Jag skulle vilja ställa följande fråga till presidenten, i ljuset av Rysslands agerande: Hur kan man på bästa sätt hålla kontakten med människorätsorganisationer, med andra delar av civilsamhället och med oppositionen, både medan det här förskräckliga kriget varar, och som vi naturligtvis alla hoppas att tar slut snarast, samt när det är över?

## Informasjon

Tale nummer

68

Type

Replik

Person

[Orri Páll Jóhannsson](#)

Speaker role

Nordisk Grøn Venstre

Status

Waiting for transcription

Dato

01.11.22 16:59